

## Fjallskil í Hörgársveit

# Vinnureglur

### Álagning gangnadagsverka:

#### Álagning skv. fjártölu:

#### Í Glæsibæjar-, Skriðu- og Öxnadalsdeild:

Hver fjáreigandi skal sjá um göngur á því gangnasvæði, sem hann sleppir fé sínu á og nýtir hverju sinni. Gangnadagsverkum er raðað á öll gangnasvæði þannig að jafnmargar kindur eru í dagsverki hjá þeim sem nýta sameiginlega gangnasvæði. Heimilt er að leggja sameiginlega á fleiri en eitt gangnasvæði enda mæli landfræðilegir staðhættir og samgangur fjár með því.

Í Arnarnesdeild skal vera jöfn fjártala í öllum dagsverkum.

#### Í öllum fjórum fjallskiladeildum:

Fjártala er fengin úr forðagæsluskýrslum, eða úr öðrum traustum heimildum. Geyma skal milli ára hvernig nýting kinda er við útreikning gangnadagsverka hjá hverjum og einum fjáreiganda og halda glögga skrá yfir það, svo nota megi við álagningu næsta árs.

Hörgársveit mannar göngur á því landi sem hún á eða semur við aðliggjandi sveitarfélög um mönnun þess, enda sleppi fjáreigendur ekki fé á það land. Hörgársveit kemur að göngum á eyðilendum þar sem enginn sleppir.

Undanþágur frá gangnaskyldu eru ekki veittar, nema viðkomandi fjáreigandi hafi allt sitt fé í girðingum sumarlangt, enda séu þær sauðheldar að mati sveitarstjórnar.

### Fjallskilastjórar deilda:

Fulltrúi hvernar deildar í fjallskilanevnd er ábyrgur fyrir framkvæmd fjallskila í sinni heimadeild og er réttarstjóri á aðalrétt deildarinnar, eða skipar fullgildan réttarstjóra í sinn stað.

### Greiðsla fyrir gangnadagsverk:

Hörgársveit greiðir 12.500 kr. fyrir fullt gangnadagsverk árið 2010. Ef fjáreigandi sinnir ekki álagðri gangnaskyldu fjallskilanevndar skal innheimta hjá honum 18.750 kr. fyrir hvert gangnadagsverk á árinu 2010.

Frá árinu 2010 skulu þessar upphæðir taka sömu breytingum milli ára og launavísitala. Miða skal við 1. ágúst ár hvert.

### Réttir:

**Arnarnesdeild:** Aðalrétt er Reistarárrett.

**Glæsibæjardeild:** Aðalrétt er Þorustaðarétt, heimilt er að nota Ás-, Garðshorns- (Þelamörk) og Ytri-Bægisárrett sem heimaréttir.

**Skriðudeild:** Aðalrétt er Staðarbakkarétt, aukarétt er Þorvaldsdalsrétt, heimilt er að nota Búðarnes-, Myrkárbakka-, Saurbæjar-, Sörlatungu-, Öxnhóls- og Skriðurétt sem heimaréttir.

**Öxnadalsdeild:** Aðalrétt er Þverárrett, aukarétt er Gloppurétt, heimilt að nota Syðri-Bægisár-, Gils- og Skjaldarstaðarétt sem heimaréttir.

Gangnastjórar viðkomandi gangnasvæða skulu vera réttarstjórar á heimaréttum.

## **Sameiginleg fjallskil deilda og með aðliggjandi sveitarfélögum:**

### **Illagilsdalur og Lambárdalur á Þorvaldsdalsafretti**

Fyrstu göngur: sjö gangnadagsverk, fjögur frá Arnarnesdeild og þrjú frá Skriðudeild.

Aðrar göngur: þrjú gangnadagsverk, eitt frá Arnarnesdeild og tvö frá Skriðudeild.

Gangnastjóri er frá Arnarnesdeild.

Sameiginleg fjallskil með aðliggjandi sveitarfélögum eru háð samningum og skal leitast við að fjallskil fyrir innan- og utansveitarfé séu sem sambærilegust.

Vinnureglur þessar voru samdar af fjallskilanefnd 24. ágúst 2010 og staðfestar af sveitarstjórn 15. september 2010.